


Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1	Ferilmöppugerð // Portfolio MYL411 – VOR 2015	

Kennari:

Helga Ragnheiður Jósepsdóttir (HRJ)	helgajoseps@vma.is
-------------------------------------	--------------------

Áfangalýsing:

Námskeiðið er ætlað nemendum sem vinna að ferilmöppu/portfolio vegna umsóknar um framhaldsnám í hönnunar- og/eða listaskólum á háskólastigi. Nemendur kynnst mismunandi leiðum sem nota má í framsetningu með það að leiðarljósi að kynna sjálfa sig og verk sín. Ætlast er til að nemendur geti rætt um verk sín og rökstutt efnis val og uppbyggingu eigin ferilmöppu.

Markmiðið er að nemendur:

- kynni sér mismunandi inntökuskilyrði háskóla
- að nemendur vinni kynningu um sig og verk sín
- geti nýtt sér mismunandi miðla til framsetningar á eigin verkum
- þjálfist í að ræða eigin hugmyndir, skissur og listsköpun

Námsgögn:

Nemendur þurfa að hafa verkfæri til skissuvinnu auk skissubókar/-möppu. Gagnlegt væri ef nemendur geta komið með eigin myndavélar og usb-lykla í tímana. Auk þess þurfa nemendur að koma með úrval eigin verka og skissa sem þeir telja að komi til greina að nýtist þeim í ferilmöppugerðinni.

Námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er próflaus og nemendur skulu mæta samvisskusamlega í tímana. Til að standa áfangann þurfa nemendur að skila tilbúinni ferilmöppu auk gagna sem tengjast hugmyndavinnu og þróunarferli þegar mappan var unnin.

Athugið: Nemendum er frjálst að leita til kennara á auglýstum viðtalstímum hans og eru hvattir til að nýta sér það eins og kostur er. (Þri kl 14:00 – 14:45 uppi á listnámsbraut)

Áætlun um yfirferð:

Áfanginn er kenndur í námskeiðisformi og leitast við að skapa vinnulotur þannig að nemendur geti unnið jafn og þétt að kynningunni sinni í tímunum. Athugið að tímar munu falla utan við hefðbundna stundaskrá skólans.

Tímarnir verða fimm talsins, á föstudögum kl 13:00-17:00, fyrsti tíminn er föstudaginn 16.janúar 2015 og sá síðasti föstudaginn 13.febrúar 2015. (16.jan og 6.feb verða tímarnir styttri, kl 13:00 – 15:00)

Með fyrirvara um breytingar – þá í samráði við nemendur.

Dagsetning: _____

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils